SKÍRSLA

UM

ATHAFNIR OG ÁSTAND

ENS

ÍSLENZKA BÓKMENTAFÈLAGS.





KAUPMANNAHØFN, 1841.

PRENTUÐ HJÁ S. L. MÖLLER.

SKÍRSLA

um athafnir og ástand ens íslenzka bókmentafèlags.

Hið íslenzka bókmentafèlag*) telur afmælisdag sinn 30ta Marts; þá komu saman 1816 alls 33 menn, þeirra sem höfðu mætur á Íslandi og bókmentum þess, og gengu í fèlag saman "til að viðhalda enni íslenzku túngu og bókaskrift, og þar meðfram mentun og heiðri þjóðarinnar, bæði með bókum og öðrum atburðum". Frumkvöðull þessa var hinn nafnfrægi Rasmus Kristján Rask, sem þá var undirbókavörður háskólans, en síðan prófessor í austurlandamálum, ógleymanlegur vinur Íslands og bókmenta þess († 1832). Á þessum enum fyrsta fundi voru kosnir embættismenn: Forseti, fèhirðir og skrifari; varð Rask forseti, regimentskvartermeistari Grímur Jónsson (nú Etazráð, bæjar og heraðs fógeti í Meðalför) fèhirðir, og prófessor Finnur Magnússon (nú Etazráð og leyndarskjalavörður konúngs, R. af Dbr. og Dbr. m.) skrifari**).

*) Felag þetta kallar sig á dönsku: *"Det islandske Literære Selskab"*. Hið eldra felag, sem sameinaðist þessu eptir að það var stofnað, kallaði sig *"det islandske Literatur-Selskab"*, eður á íslenzku "lærdóms-lista fèlag".

**) Embættismenn deildar þessarar hafa verið:

Forsetar: Rask 1816; B. Þorsteinsson 1816—19; Finnur Magnússon 1819—20; B. Þorsteinsson á ný 1820—21; Finnur Magnússon á ný 1821—27; Rask á ný 1827—1831; Þorgeirr Guðmundsson 1831—39; Finnur Magnússon þriðja sinn síðan 1839.

þvínæst var fundur haldinn 16da Apr. s. á., og var þá samið um lög fèlagsins er Rask hafði búið til; þá var einnig fastráðið, að samlagast fèlagi því, er ári áður var stofnað á Íslandi (í Reykjavík) í sama tilgángi, eptir fyrirgaungu Rasks, og var því sent laga frumvarpið til yfirvegunar, en það var samþykt á fundi í Reykjavík 15da Ág. s. á.*)

Eptir lögum þessum er fèlaginu skipt í tvær deildir, og er önnur í Reykjavík, sem er höfuðdeildin, en önnur í Kaupmannahöfn. Þær álykta hvor um sig frjálslega um allt það sem hvorri þeirra viðkemur, en um slík mál, sem allt fèlagið varðar, verða þær að vera samdóma, og er skorið úr því með atkvæðafjölda.

Fèhirðar: Grímur Jónsson 1816—19; Vigfús Thorarensen 1819—20; Þórður Sveinbjarnarson 1820—22; Hannes Stephensen 1822—24; Laurus Thorarensen 1824—26; Þorgeirr Guðmundsson 1826—31; Eggert Jónsson 1831—33; Skúli Thorarensen 1833—34; Kristján Kristjánsson 1834—40; Andreas Hemmert síðan 1840.

Skrifarar: Finnur Magnússon 1816—19; Jón Finsen 1819; Gunnlaugur Oddsson 1819—20; Gísli Brynjólfsson 1820—21; Gunnlaugur Oddsson á ný 1821—27; Þorsteinn Helgason 1827—30; Baldvin Einarsson 1830—33; Brynjólfur Pètursson 1833—40; Jón Sigurðsson síðan 1840.

Bókavörður var fyrst kosinn 1819, en áður hafði fèhirðir á hendi umsjón um bókasölu og sendíngar; bókaverðir hafa verið þessir: Þórðor Sveinbjarnarson 1819—20; Þorgeirr Guðmundsson 1820—24; Sæmundur Brynjólfsson 1824; Þorsteinn Helgason 1826; Hallgrímur Bachmann um hrið; Stephán Eiríksson 1834—36; Magnús Hákonarson 1836—38; Eggert O. Briem 1838—41; Magnús Eiríksson 1841.

*) Þess fyrsti, og hingaðtil eini, forseti var Stiptsprófastur Árni Helgason, R. af D.; herra Lector theologiæ Johnsen hefir verið skrifari síðan 1820; gjaldkerar hafa verið: Sigurður Thorgrímsen 1816—26; Sigurður Sivertsen 1826—30; Ebbesen 1830—31; Ólafur Finsen 1831—36; Hannes St. Johnsen 1836—38; Þórður Jónasson síðan 1838.

Til að koma fram tilgángi sínum ætlaði fèlagið "að leiða í ljós rit þau, er fyrrmeir hafa samin verið á íslenzku, einkum þau, hverra höfundar eru dauðir, og hættast er við að týnast mundu, en landinu væri hinn mesti sómi að"; því næst að "ala önn fyrir að prentaðar verði bækur, er þarflegar virðast fyrir almenníng, og líka þær er brúkast og hentugar eru við kennslu í skólanum". þaraðauki ásetti það sèr að láta prenta "stutt frèttablöð" á ári hverju. það fráskildi tvær greinir: guðfræði og fornfræði, og var hin fyrri ætluð enu evangeliska smábókafèlagi, en hin síðari Árna Magnússonar nefnd í Kaupmannahöfn (síðan hefir Fornfræðafèlagið einnig tekið að sèr þessa grein).

Rit þau sem fèlagið hefir komið á prent eru þessi:

1) Sturlúnga saga, eður Íslendínga saga hin mikla ásamt Árna biskups sögu, í 4 deildum, 1817—20. 130 arkir í 4bl. broti, nú 2 Rbd.

2) Almenn Landaskipunarfræði eður Geographia, rituð af Etazráði Grími Jónssyni, Justitiarius þ. Sveinbjarnarsyni og Assessor G. sál. Oddssyni, í 5 deildum, 1821—27. 92 arkir í 8bl. broti, með 6 kortum, nú 2 rbd. 48 sk. — 3 rbd.

3) Íslands árbækur í söguformi, ritaðar af J. Espólíni, í 9 deildum og registri 10du, 1821—30, alls 182 arkir í 4bl. broti, nú 3 rbd.

4) Ljóðmæli Síra Stepháns Ólafssonar í Vallanesi. Khöfn. 1823. 8 arkir í 12bl. br. 32 sk.

5) Íslenzk Grasafræði, samin af Oddi Hjaltalíni. Khöfn. 1830. 24 arkir í 8bl. br. 48—64 sk.

6) Íslenzkt orðskviðasafn eptir Síra Guðmund prófast Jónsson á Staðastað, 2 Hefti, Khöfn 1830. 26 arkir í 8bl. br., 32—48 sk.

7) Lestrarkver handa heldri manna börnum, samið af Próf. Rask. 2 arkir í 8bl. br. Khöfn. 1830. 16 sk.

8) Æfisaga Jóns Eiríkssonar konferenzráðs, samin af Bjarna amtm. þorsteinssyni og handlækni Sv. Pálssyni. Khöfn 1828, með eirgrafinni andlitismynd og rithandar sýnishorni, 12 arkir í 8bl. br., 64 sk.

9) Lækníngakver, ritað af Dr. medic. J. Hjaltalíni. Khöfn. 1840. 5 arkir í 8bl. br. 24 sk.

10) Klopstokks Messías, snúinn á íslenzku af Síra Jóni þorlákssyni. Khöfn 1835—38. 2 Bindi, alls 59 arkir í 8bl. br. 2 rbd. 32 sk. — 3 rbd.

11) Tvær æfisögur útlendra merkismanna, Franklíns og Oberlíns, útl. af Jóni Sigurðssyni og Ólafi Pálssyni. 10 arkir í 8bl. br. Khöfn. 1839. 48 sk.

12) Æfisaga Alberts Thorvaldsens, útl. af Magnúsi Hákonarsyni. 4 arkir í 8bl. br. Khöfn. 1841, með steinprentaðri mynd. 24 sk.

Fréttarit:

13) Sagnablöð árin 1817—26, samin að mestu af Etazráði Finni Magnússyni, 10 deildir í 4bl. br. 56 arkir alls, tilsamans 1 rbd.

14) Skírnir, ný tíðindi hins íslenzka bókmentafélags, 1827—41. 15 árgángar, hérumbil 100 arkir alls, hverr árgángur á 16—24 sk. (hvert seinasta ár 32 —48 sk.)

15) Minnisljóð um Jón Milton og Jón þorláksson, ort af Etazráði Finni Magnússyni, á íslenzku og ensku. Khöfn. 1829.

Auk þessa hefir félagið goldið kostnað til að prenta:

16) "Katalóg" yfir Íslands stiptsbókasafn, Khöfn. 1828. 11 arkir í 8bl. br.

og ennfremur haft umsjón yfir prentun

17) Miltons paradísarmissis, eptir Síra Jón þorláksson. Khöfn. 1828. 25 arkir í 8bl. br. 1 rbd. — 1 rbd. 24 sk.

Kostnaður til bókar þessarar var goldinn af Jóni Heath (frb. Híþ), meistara, í Öxnafurðu á Englandi.

Auk þessa hefir fèlagið fengið það sem lærdómslista-fèlagið eptirlèt af ritum sínum, og er það selt á 16 sk. hvert bindini.

Þegar reiknað er niður arkatal þeirra bóka sem fèlagið hefir látið prenta, og nú voru taldar (No. 1—15), telst svo til, að það hafi gefið út 24 prentaðar arkir á ári hverju síðan 1816.

Auk þess, sem nú hefir verið talið, hefir fèlagið í tilbúníngi:

I. Uppdrætti eður kort yfir Ísland eptir Herra Aðjúnkt B. Gunnlaugsson. Frá því hèrumbil fyrir hundrað árum hefir stjórnin í Danmörku reynt til fleirum sinnum að útvega lýsíngar á Íslandi, og áreiðanlegar afmálanir stranda landsins handa sjóferðamönnum. Til lýsíngar landsins miðaði rit Horrebows á sinni tíð*), og síðar ferðabók Eggerts Ólafsonar og Bjarna Pálssonar, svo og Ólafs Ólavíus, og Mohrs náttúrusaga o. fl., en nú eru þessar bækur þegar úreldtar. — 1749 var Horrebow settur til að rannsaka himintúngla gáng loptslag og veðráttufar á Íslandi, en hann dvaldi þar að eins 2 ár. Frá 1772 til 1805 var haldinn maður þar stöðugt til þessara rannsókna (í Lambhúsum á Álftanesi). Strendur landsins voru einnig mældar um þetta skeið. Við það fengust:

1) Hans Eiríkur Mínor skipstjórnarmaður; hann starfaði að mælíngunni með miklum dugnaði og nákvæmni 1776 til þess hann druknaði 1778.
2) Wleugel flota foríngi (*Admiral*) 1776.
3) Löwenörn 1786 og 1787 (eptir hann eru sjókort).
4) Ýmsir mælíngafróðir hermenn (Onum, Ohlsen, Wettlesen, Frísak, Smith, Scheel, Born, Graah, Aschlund) með tilsjón „rentukammersins" eptir úrskurði konúngs 28 Maí 1800. Þessu starfi

*) *Tilforladelige Efterretninger om Island. Kbhvn.* 1749. 8.

var lokið 1818, og voru þá strendurnar mældar, en síðan hafa komið frá hinu konúnglega sjókorta safni (*Sökort-Archiv*) 6 kort, af sínum hluta landsins hvert, og eitt af öllu landinu (en á því eru einnig Færeyjar).

Starf þetta var að vísu til mikils gagns kaupmönnum og sjófarendum; en þó mörg af kortum þessum (einkum Scheels) sè ágæt til þessa, sem þau eru einkum ætluð til, eru þau Íslendíngum sjálfum að litlum notum, og ókunnugum, sem þurfa að ferðast í landinu, eður vilja kynna sèr landið sjálft og heruð þess, eins upp til fjalla og niður við sjó. Þar er ekki mikill gaumur gefinn fjöllum, nè öræfum, nè fjallvegum, nè skiptíngu landsins, nè prestssetrum, nè kirkjum, nè slíkum stöðum sem markverðir eru af náttúrlegu ásigkomulagi þeirra eða frægir í sögu landsins. Myndir fjallanna, sem eru mjög merkilegar þegar menn vilja vita fjallaskipan og landslag, og hversu vötnum deilir, eru heldur eigi á kortum þessum, nè afstaða stöðuvatna, nè árfarvegir, og heldur ekki vegalengdir millum heraða landsins. Nú sá fèlagið hversu mikið gagn og prýði mundi verða að góðu landskorti, bæði fyrir Íslendínga sjálfa og fyrir alla þá sem fýsir að þekkja landið, en á aðra hönd var lítil von að stjórnin mundi að fyrra bragði taka sig fram um slíka mælíngu; fèlagið ásetti sèr því 1831 að efna til landkorts yfir Ísland allt; má vera að Fjallvegafèlagið hafi að nokkru leiti vakið til þessa fyritækis, en ekki mundi það þó hafa fengið framgáng að svo stöddu, ef Herra Björn Gunnlaugsson, kennari við Bessastaða skóla, ekki hefði tekizt á hendur það hið vandamikla og mæðusama starf, að gjöra kortin, og ferðast til þess um landið á sumrum, og hefir hann nú um 10 ár með stakri iðni og þolgæði leyst mikið af verki þessu prýðilega af hendi. Hefir hann engin laun áskilið sèr fyrir ómak sitt, nema endurgjald kostnaðar þess sem hann hefði, og var hann reiknaður til 1 dals daglega. Hefir kostnaður

fèlagsins til þessa fyritækis verið hèrumbil frá 100 til 170 rbd. á ári síðan 1831; en frá 1836 hefir „rentukammerið" veitt Herra Gunnlaugssyni 100 dala þóknun árlega að auki, það hefir einnig eptirlátið honum til meðferðar mælíngartól þau öll sem til voru, og stjórnin hafði áður sent til Íslands, einnig sent honum nokkur fleiri verkfæri og stranda kortin til hliðsjónar. Þegar menn bera saman kostnað þann sem varið hefir verið til þessara mælínga, og þann, sem hafður hefir verið við mælíngar og ferðir á Íslandi fyrr og síðar, er óhætt að fullyrða, að aldrei hafi þar meira af slíkum störfum verið gjört fyrir minna.

Herra Gunnlaugsson hefir sent híngað uppdrætti:

1) Snæfellsness sýslu.
2) Mýrasýslu.
3) Borgarfjarðarsýslu.
4) Gullbríngu og Kjósar sýslu.
5) Árness sýslu.
6) Rángárvalla sýslu.
7) Holtavörðuheiðar, Tvídægru og Arnarvatnsheiðar.
8) Kjalvegar og fjallanna þar um kríng.
9) Nokkurs hluta Vestur-Skaptafellssýslu.
10) Mýrdals með aðliggjandi jöklum.
11) Fiskivatna, Þóristúngna o. s. frv.
12) Túngnafellsjökuls, Vonarskarðs, Arnarfells.
13) Fjallanna suður undan Skagafjarðar og Eyaf. sýslum.

Þetta er ekki einúngis mikið starf, heldur að vitni Majórs Olsens, heiðursfèlaga vors, sem góðfúslega hefir tekið að sèr að sjá fyrir útbúnaði kortanna, ágætlega af hendi leyst. Herra Scheel, sem áður var getið, og ferðast hefir á Íslandi, hefir tekið að sèr að búa til landmælíngarnetið, eptir enum seinustu mælíngarfræðis reglum.

Það var í fyrstu ásett, að prenta sèrílagi kort yfir hverja sýslu á Íslandi, en þegar aðfram kom virtist það ekki nauðsynlegt, og mundi þaraðauki hafa orðið óhæfu dýrt, var því tekið það ráð, að hafa að eins 4 kort, yfir

4 náttúrlega fjórðúnga landsins, og hefir Majór Olsen gjört ráð fyrir, í brèfi til fèlagsins 29 Jan. 1835, að hvert kort um sig mundi kosta 1000 dala að minnsta kosti (stúnga þess og prentun einúngis); er nú fyrsti fjórðúngur að miklu leiti stúnginn, og er fallegur á að líta og mjög nýstárlegur*).

Það er kunnugt, að Herra Gunnlaugsson hefir stuttlega skírt frá mælíngum sínum og mælíngar aðferð í skóla-boðsriti 1824, á dönsku og latínu; á ferðum sínum hefir hann uppgötvað margt það, sem með tímanum mun verða alkunnugt, og mörgum fýsilegt að vita, en sumt að miklu gagni; teljum vèr fyrst það, að hann hefir fundið Þórisdal, eða Áradal, og er það nú kunnugt orðið, að enginn „sauðurinn í hlíðum" þarf að fara þángað til að „forða sèr við hríðum"; eins og Jón heitinn lærði kenndi á sinni tíð**). Hitt getur orðið til ennar mestu nytsemdar, að taka upp vegu þá, sem Herra Gunnlaugsson hefir farið fyrstur svo menn viti 1839: Vonarskarðs veg og þaðan ofaní Jökuldal, og veginn fyrir norðan Torfajökul, úr Skaptártúngum. Vèr leyfum oss að taka kafla úr brèfi Herra Gunnlaugssonar til vor, 24 Sept. 1839, þannig látanda:

„Eg fór austur einsog í fyrra Vatna-jökuls veg, að því undanteknu, að eg nú fór Vonarskarð, sem Gnúpa-Bárðr fór, þegar hann flutti sig úr Bárðardal suður að Gnúpum í Fljótshverfi (sjá Landnámu III, 18), sem eg ekki veit til að neinn maður hafi síðan farið. Þarmeð styttist Vatnajökulsvegurinn svosem hálfa dagleið, og má hann fara með lest á 7 dögum frá Reykjavík og austur að bænum Brú á Jökulsdal, ef maður fer $1\frac{3}{7}$ þíngmannaleiðar á dag, þar vegurinn er hèrum 10

*) Stærð kortsins er mæld svo, að hálfur þumlúngur svari mílu hverri, (þ. e. 1 : 480,000).

**) Skírsla um fund og könnun Þórisdals er prentuð í Skírnis 9da árg. og Sunnanp. Aug. 1836.

þíngmannaleiðir eður 50 mílur; hann er **hinn lángstyttsti í Múlasýslur og nærri þráðbeinn. Þaraðauki** er hann að **mestu vatnsfallalaus, og allsæmilega góður þegar á sumar tekur að líða**". — „Frá Skaptártúngum í Skaptafells sýslu fór eg nýjan fjallveg, þó af engum farinn svo menn viti, nema af einum manni sem nú er dauður. Hann liggur **fyrir norðan Torfajökul**, og er **skemri enn Fjallabaksvegurinn**, sem liggur fyrir sunnan hann, ef fara skal til Reykjavíkur; þaraðauki **vatnsfallalaus og grasmeiri** enn þessi".

Vèr vonum að allir muni smámsaman taka upp þessa vegu, og að þeir verði alþíngisvegir manna áður enn lángt líður.

Hið konúnglega vísinda fèlag hefir 25 Jan. 1836 lofað að gefa til hins fyrsta korts 500 rbd., og er það góður styrkur.

II. En til þess að kortin gæti orðið sem fróðlegust og gagnlegust, samkvæmt tilætlun fèlagsins, var það ályktað á fèlagsfundi 24 Sept. 1838, eptir uppástúngu Herra Jónasar Hallgrímssonar, að „kjósa nefnd manna, og fela henni á hendur að safna öllum fáanlegum skírslum fornum og nýjum, er lýsi Íslandi eður einstökum heruðum þess, og undirbúa svo til prentunar nýja og nákvæma lýsíngu á Íslandi, er síðan verði prentuð útaf fyrir sig á fèlagsins kostnað". Nefnd sú, sem kosin var, ritaði þá um vorið eptir öllum prestum og prófföstum á landinu, og sýslumönnum, einnig amtmönnum og biskupi, og tók hverr því ljúfmannlega. Margir hafa þegar sent skírslur, en hinna sem eptir eru væntum vèr hið fyrsta. Vèr höfum nú fengið 117 skírslur frá prestum og próföstum, en 61 eru eptir, og 6 frá sýslumönnum en 12 eru eptir. Eigum vèr Herra Biskupinum mikið að þakka að erindi vort hefir fengið svo góðan róm, og hefir hann mælt fram með því í umburðarbrèfi til allra presta. Amtmennirnir

hafa einnig sýnt fyritæki voru mikin góðvilja, og lofað oss að styrkja það sem kostur er á.

III. Enn er eitt fyritæki sem er nákvæmlega samtvinnað þessu, og það er, að deild vor á Íslandi hefir í vetur falið á hendur 50 prestum hèr og hvar á landinu að halda veðráttubækur, eptir sýnishorni sem þeim hefir verið sent, og er það bæði fróðlegt og gagnlegt að fá slíkar skírslur, til að vita loptslag og veðráttufar allstaðar á landinu. Vísindafèlagið gefur hitamælira þá, sem á þarf að halda.

Það var í upphafi lögtekið, að fèlagið skyldi „eigi verja gjörvöllum inngjöldum sínum til kostnaðar árlega, heldur leyfa hèrumbil fimtúng þeirra, svo það fái vissan stofn, og falli ei strax, þó stöku meðlimir deyi eða úr gángi. Skal þessi upplagseyrir geymast, ásamt hans ágóða, og þarvið bætist jafnmikill hluti næsta árs inngjalda, uns höfuðstóll er vaxinn svo álitlega, að hann einn fái viðhaldið fèlaginu". — Þessi ákvörðun er skynsamleg og fèlaginu nytsöm og hefir hún að góðu haldi komið; því hversu mundi t. a. m. hafa farið, þegar því brugðust svo margir fèlagsmenn á Íslandi þegar á enum fyrstu árum, ef ekki hefði verið fylgt þessari reglu? Nú skulum vèr telja hversu mikill er upplagseyrir sá, sem það hefir safnað í Kaupmannahöfn og hversu hann hefir vaxið.

					Rbd.		rbd.	sk.
30	Marts	1817	átti það	á rentu	400;	í peníngum	1147.	47.
—	—	1818	—	—	800	—	1158.	53.
—	—	1819	—	—	1300	—	644.	7.
—	—	1820	—	—	1700	—	1079.	34.
—	—	1821	—	—	2700	—	461.	„.
—	—	1822	—	—	3300	—	342.	„.
—	—	1823	—	—	3300	—	365.	57.
—	—	1824	—	—	3600	—	719.	„.
—	—	1825	—	—	3800	—	804.	94.
—	—	1826	—	—	4000	—	850.	„.

						Rbd.		Rbd.	sk.
30 Marts	1827	átti	það á rentu	4200;	í peníngum			834.	66.
—	—	1828	—	—	4300		—	498.	40.
—	—	1829	—	—	4500		—	506.	90.
—	—	1830	—	—	4600		—	445.	35.
—	—	1831	—	—	5000		—	546.	23.
—	—	1832	—	—	5200		—	410.	26.
—	—	1833	—	—	5500		—	434.	23
—	—	1834	—	—	5800		—	518.	76.
—	—	1835	—	—	6100		—	493.	89.
—	—	1836	—	—	6400		—	478.	94.
—	—	1837	—	—	6400		—	616.	81.
—	—	1838	—	—	6700		—	552.	87.
—	—	1839	—	—	7100		—	436.	54.
—	—	1840	—	—	7100		—	506.	38.
—	—	1841	á það	—	7400		—	541.	70.

þaraðauki á fèlagið í enum íslenzka jarðabókarsjóði 250 rbd., og í peníngum hjá gjaldkera deildarinnar í Reykjavík 46 rbd. 38 sk.

Allt þetta er auk álitlegra peńinga, sem standa í óseldum bókum bæði hèr og á Íslandi.

Af þessum upplagseyri telst svo til, að konúngur hefir gefið fèlaginu 2800 rbd. (100 dali á ári og þrisvar 200dali,) og Moltke greifi, ríkisgjaldkeri (*Finantsminister*), 2500 dala (100 dali á ári), en eptirstöðvar lærdóms-lista fèlagsins (ánafnaðar bókmentafèlaginu í brèfi 20 Júní 1817, greiddar því 1828) voru 275 rbd. í peníngum og nokkuð af óseldum fèlagsritum.

Á Íslandi hlotnuðust fèlaginu í upphafi álitlegar gjafir, og margir gjörðust fèlagar þess, en ymsar kríngumstæður hafa ollað því, að gjafirnar hafa smámsaman orðið minni, og menn hafa slegið slöku við fèlagið, jafnvel þeir, sem hafa verið í því meðan þeir voru hèr í Kaupmannahöfn. Hefir það að nokkru leiti verið fèlaginu að kenna, að það hefir ekki verið sèr eins úti um að vinna

menn á Íslandi, eins og það hefði þurft, enda eru mikil vandkvæði á bókasölu þar fremur enn annarstaðar, þareð enginn selur þar bækur til uppheldis sèr, heldur einúngis af greiðvikni eða bókmentafýsn, og verða jafnan leiðir lángþurfamenn, þareð fèlagið ekki hefir híngaðtil getað goldið rífleg sölulaun. Í fèlaginu eru nú alls 160 manna; þaraf eru heiðurslimir: á Íslandi . . . . 4.

heiðurslimir:	á Íslandi	4.
	í Danmörku . .	20.
	erlendis	22.
orðulimir:	á Íslandi	56.
	í Danmörku . .	45.
	erlendis	1.
yfirorðulimir erlendis		11.
brèflegur limur		1.

Tillag orðulima er í Danmörku minnst 3 Rbd., á Íslandi minnst 1 Rbd., og er fèlagsmönnum sent ókeypis frèttablað fèlagsins (Skírnir) á ári hverju.

Þegar aðgætt er hversu fèlag vort hefir átt og á í ymsu við miklar hindranir að berjast, og hefir helzt til fáa aðstoðarmenn, einkum á Íslandi, þar sem mest ríður á, en hefir þó komið út á sinn kostnað sem svarar 24 örkum prentuðum á ári, og þó þaraðauki styrkt nokkuð önnur þarfleg fyritæki til frama bókmenta á Íslandi, og búið nokkuð undir til framhalds störfum sínum, en þaraðauki goldið á annað þúsund dala til mælíngar landsins, og safnað sèr rúmum 8000 dala sjóði í peníngum, á einum 25 árum, sem mörg hafa verið misjöfn, og hin fyrstu einkum frábærlega óhæg til allra fyritækja sem til bókmenta horfðu*) — þá vonum vèr að allir sanngjarnir Íslands vinir muni játa, að fèlagið hafi leyst ætlunarverk sitt híngaðtil af hendi að öllum vonum, þó það hafi enganvegin verið að óskum vor allra. Ekkert fyritæki, allra sízt þau sem til þjóðgagns horfa, mega standast eða

*) 1817 var kostnaður til að prenta eina örk sæmilega vandaða, 30 rbd. N. V. (Sagnablöð þ. á.)

fá æskilegan framgáng, nema allir eða allflestir, sem nokkurs þykir varða um þjóðgagnið, styrki með ráðum og dáð til framkvæmda þess sem nytsamt er. Dugir og ekki að sakast um, þó ekki sè æfinlega það fyrst tekið sem öllum ber saman um að sè allra gagnlegast, þegar það er þarflegt sem tekið er*). Bókmentafèlaginu hefir enn ekki heppnast að vekja svo eptirtekt Íslendínga, og ávinna sèr hylli þeirra og styrk til lángframa, sem það og fósturjörð vor hefði þurft, en vèr vonum að þetta muni einnig smámsaman færast í lag, og að vísu er fèlagið vel fært um að styrkja útgáfu nokkurra góðra bóka auk kortanna, — og hvenær mundi Íslendíngum meiri þörf á góðum bókum enn nú! — ef því heppnaðist að fá meiri fjárstyrk meðal Íslendínga; en nú sem stendur er því varla fært að leggja útí neitt, nema halda smámsaman áfram fyritækjum þeim sem þegar eru fastbundin, og er þessi þraung þeim þó einnig í vegi, því fèlagið verður að draga borgun við alla þá sem vinna fyrir það, og það er alkunnugt, að ekkert fæst fyrir ekki neitt.

Það mundi í mörgu tilliti vera vel til fallið, ef duglegir og málsmetandi menn á Íslandi tæki sig saman að stofna heraðafèlög, bókmentafèlaginu til styrktar; væri það til hægðar mikillar, og mundi glæða fèlagsanda landsmanna meir enn nú er; og þaraðauki gæti hverr einn komið meiru af stað í fèlaginu og yfirhöfuð til eflíngar bókmenta og framfara á Íslandi, ef hann væri í slíku styrktarfèlagi, enn hann væri einn sèr og skrifaðist á við fèlagið í sínu nafni einssaman; það er enginn efi, að slíkum styrktarfèlögum mundi mega koma á í hverju af enum fólkríkari

*) Margir hafa t. a. m. fundið það að kortunum, að þau lægi ekki nærri bókmentafèlagsins tilgángi, og varla má því neita, að annað liggur honum nær í fyrsta áliti, en kortin eru það starf sem felaginu má verða til ens mesta ágætis bæði hèr og erlendis, og þannig verða með tímanum felagsins tilgángi til meiri framkvæmdar enn nokkrir bæklingar.

heruðum á Íslandi, og vildum vèr óska að slík fèlög yrði stofnuð sem fyrst, og veldi sèr stjórn, og setti sèr lög, og semdi kosti þá, sem þau vildi bjóða fèlagi voru til sameiníngar, og sendi því síðan til samþyktar. En jafnframt því biðjum vèr alla þá, sem umhugað er um framfarir bókmenta vorra, og vilja styðja framför þeirra og landsins, að samlaga sig fèlagi voru hið bráðasta, og styrkja það, svo því megi veitast afl til að framkvæma hið merkilega starf sem það hefir að sèr tekið, fósturjörðu vorri og öllum innbúum hennar öldum og óbornum til gagns og sóma.